

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar úr landi Akurgerðis, Ölfushreppi.

Sveitarstjórn Ölfushrepps hefur samþykkt deiliskipulag lóðar úr landi Akurgerðis, Ölfushreppi, er nefnist Borgargerði.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Svæðið liggur við veg nr. 374 og nær yfir landsvæði sem er 5,7 ha. Þar innan eru byggingarreitir fyrir íbúðarhús, 900 m² og útihús, 1.600 m².

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 4. janúar 1999.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 og 6. og 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar er taki gildi 1. janúar 1999.

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 27/1998 breytist þannig:

Verð fyrir hvern rúmmetra af heitu vatni lækkar 1. janúar 1999 úr kr. 106 í kr. 103.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. janúar 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir útgáfu og birtingu gagna frá Landmælingum Íslands á prentuðu formi.

1. gr.

Af útgáfu og birtingu efnis og gagna frá Landmælingum Íslands, hér eftir nefnd LMÍ á prentuðu formi skal stofnunin innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Veitt eru leyfi fyrir útgáfu og birtingu eftirfarandi efnis og gagna í bókum, blöðum, tímaritum, bæklingum og sérstökum útgáfum:

1. Ljósmyndir/loftmyndir/gervitunglamyndir.
2. Kort.
3. Stafræn gögn.
4. Annað efni í vörslu stofnunarinnar.